

Ed.

221. Breytingartillögur

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.

- a. Í stað „innflutningsskýrslna“ komi: inn- og útflutningsskýrslna.
- b. Í stað „4100“ í tölulið 2 komi: 4500.
- c. Í stað „4100“ í tölulið 3 komi: 4800.
- d. Í stað „1500“ í tölulið 4 komi: 1800.
- e. Í stað „4100“ í tölulið 8 komi: 5000.
- f. Í stað „4100“ í tölulið 9 komi: 5000.
- g. Í stað „3000“ í tölulið 16 komi: 4000.
- h. Á eftir tölulið 19 kemur: Samtals kr. 148400.
- i. Töluliður 20 og samlagning töluliðanna fellur niður.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Á sömu árum greiðir rikissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1. Á Akranesi	kr. 1500
2. Í Bolungavík	— 500
3. Í Ólafsfirði	— 500
4. Í Keflavík	— 500

Samtals kr. 3000

3. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.